

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arnarlax ehf	29.10 og 19.11 2020	Fossfjörður	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
580310-0600	29.02.2028	Nei.	Sjókvíaelði

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Ala má allt að 3.000 tonn af laxi á einu almanaksári ári en hámarksframleiðsla á hverjum þremur árum skal samtals vera undir 4.500 tonnum og lífmassi á hverjum tíma skal ekki vera yfir 3.000 tonnum í einu.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Rekstur hefur hafist aftur eftir nokkurra ára hvíld svæðis. Handhafabreyting varð á starfsleyfi, frá Fjarðalaxi til Arnarlax. Búið er að setja öll seiði þessarar kynslóðar út. Verið er að skoða að sameina leyfið við stærra starfsleyfi Arnarlax í Arnarfirði með stækkunarumsókn þar úr 10.000 tonn í 16.000 tonn. Til stendur að færa staðsetningu eldisins þá nær Haganesi.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar og eftirlit er gott. Notast er við EQS gæðakerfi. Skráningar fara fram í FishTalk og Selstad Log en þar eru tékklistar fyrir dagleg verkefni, sjónmat, marglyttur og þara.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Enginn rekstur var á árinu 2019.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Enginn rekstur var á árinu 2019.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir	X			Áhættumat á grundvelli laga 33/2004 er til staðar en eftirlitsaðili óskaði einnig eftir því að

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				viðbragðsáætlun vegna grútar-mengunar yrði send stofnuninni.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Til staðar er neyðaráætlun. Þar sem meltutankar á starfssvæði Arnarlax í Bíldudalshöfn hafa verið teknir í notkun óskar eftirlitsaðili eftir því að áætlunin verði uppfærð eftir því sem við m.t.t. þess og að rekstur hafi hafist aftur í Fossfirði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Fyrirtækið er með umhverfismarkmið.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Magn fódurs er ákvarðað frá vaxtarkúrvum Fishtalk en fóðrað er af vinnubátum.
Er skráning á losun fósforis og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Útreikningar frá fódurnotkun verða í ársskýrslu v. 2020. Losunarmörk starfsleyfis eru 20 kg P/ framleitt tonn.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Ekki sást mikill þörungablómi eða fugl á svæðinu. Einhver brák á sjó sást vegna fódurs, en ekkert umfram það sem eðlilegt getur talist. Fylgst er með uppsöfnun fódurleifa við sýnatöku og kafarar skoða einnig við hreinsun nótna. Þar sem ekki er fóðrað af fódurpramma með aðstoð

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

				myndavéla hér, ólíkt öðrum eldisstaðsetningum rekstraraðila, leggur stofnunin mikla áherslu á að fylgst sé með hvernig fiskurinn tekur.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Í lagi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Við eftirlit 29.10 voru 6 kvíar, rúm 70 tonn af seiðum, rúmlega 630 þús stykki meðalþyngd tæp 115 gr.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Vor 2022. Slátrað verður á Bíldudal. Slóg fer í meltutanka Arctic Protein og Arnarlax.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Skv. vöktunaráætlun.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiski er komið fyrir í körum og þau sett samdægurs við meltutanka. Fiskurinn er hakkaður/unninn þar annað hvort samdægurs eða strax morguninn eftir/næsta virka dag í meltutankana. Plasti undan fóðri er safnað sérstaklega. Terra tekur við því ásamt almennu heimilissorpi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Uppfærðri vöktunaráætlun fyrir Arnarfjörð var skilað 26. október sl. og tekur nú til Fossfjarðar líka. Ábendingar v. uppfærslu vöktunaráætlunar Arnarfjarðar sem komu fram í eftirlitsskýrslu v. eftirlits 29. júní sl. hafa ekki verið teknar til skoðunar og því gerðar aftur.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Hvíldarsýni voru tekin áður en seiði voru sett út. Vöktunarskýrslur voru sendar Umhverfisstofnun 29. okt sl.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?	X			Við hámarkslífmassa svæðis. Akva plan Niva.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Er það skv. starfsleyfi?				
Hver sér um mælingarnar?				

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Enginn fiskur var í sjó á eldissvæðinu á vegum rekstraraðila við eftirlit 2018. Engin frávik komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar voru gerðar.

Samantekt:

Starfsleyfi sem heimilar allt að 3000 tonn af laxi á hverjum tíma.
Rekstur hófst að nýju í haust og seiði voru sett út í sex kvíar á tveggja vikna tímabili um miðjan október.
Ekki er notast við koparlitaðar eldisnætur í Fossfirði.
Ábendingar sem gerðar voru í eftirliti í Arnarfirði 29. júní sl. varðandi vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun v. grútarmengunar eru ítrekaðar m.t.t. Fossfjarðar.
Vegna kvartana sem bárust í vor vegna lyktarmengunar frá dauðfiski á athafnasvæði Arnarlax er ábending þess efni einnig ítrekuð í ljósi þess að dauðfiskurinn úr Fossfirði er fluttur í land en ekki settur í meltu um borð í fóðurpramma.

Annað:

Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	19.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Edda Kristín Eiríksdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en þrjár ábendingar eru gerðar er snúa að lykt vegna dauðfisks, vöktunaráætlun og viðbragði við grútarmengun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Fjarfundur var haldinn 29. október sl. þar sem farið var yfir gögn og áætlanir. Farið var í skoðunarferð þann 19. nóvember sl. út að kvíum þar sem þær voru skoðaðar sem og aðbúnaður við þær. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Útsetningar
- Skráningar
 - o Innra eftirlit sbr. gr. 3.1
- Áætlanir og tilkynningar
- Gagnaskil sbr. gr. 3.2 og 3.3
- Uppfærð vöktunaráætlun
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Umgengni um mengandi efni
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Eldisnætur sem notaðar eru
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir því að vöktunaráætlun taki mið af skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um lyf gegn laxalús, virkni, áhrif og notkun (HV 2019-56).

Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því vöktunaráætlunin verði uppfærð m.t.t. áhrifa eldisins á fugla- og dýralíf í firðinum.

Stofnunin óskar eftir því að viðbragðsáætlun vegna grútarmengunar verði bætt við mengunarviðbragðsáætlanir rekstraraðila.

Stofnunin bendir einnig á að kvartanir vegna ólyktar frá athafnasvæði Arnarlax sem bærust í vor var hægt að rekja til mistaka í meðhöndlun dauðfisks. Fiskurinn hafði verið geymdur í körum á bryggjunni og var orðinn gamall og illa lyktandi þegar hann var hakkaður, sem olli mikilli lyktarmengun við hökkunina. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila frá því í sumar var brugðist við athugasemdum vegna þessa og verkferlar bættir. Auk þess áttu að vera fóðurprammar við allar staðsetningar með meltutönkum svo að dauðfiskur yrði hakkaður þar og kæmi ekki í land. Í ljósi þess að ekki er fóðurprammi í Fossfirði og dauðfiskurinn er fluttur í land leggur Umhverfisstofnun áherslu á að gengið sé úr skugga um að slíkt atvik, eins og lýst er hér að ofan, endurtaki sig ekki.

ANNÆÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í

eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneðis var kynntur einnig kynntur.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda er varðar skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Rekstraraðili hyggst taka saman gögn vegna allra olúgeyma Arnarlax og senda Umhverfisstofnun.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.12.2020



Hulda Soffía Jónasdóttir